

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómsundasviðs  
Dags. 14. september 2018  
Mnr. 2017120066



ÍSAFJARÐARBÆR

## Breytingar á viðmiðum í leikskólalíkani

Á fundi fræðslunefndar þann 21. júní 2018 var tekið fyrir minnisblað Guðrúnar Birgisdóttur skóla- og sérkennslufulltrúa, dagsett 22. maí 2018, þar sem lögð er til endurskoðun á leikskólalíkani. Fræðslunefnd bókaði eftirfarandi: „*Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn að tillögur um breytingar á fjölda barna á starfsmann verði samþykktar og felur starfsmönnum að láta fylgja kostnaðaráætlun með.*“

Bæjarráð tók tillöguna til umfjöllunar á 1021. fundi sínum 25. júní 2018 auk minnisblaðs frá sviðsstjóra skóla- og tómsundasvið þar sem fram kom áætlaður kostnaður við breytinguna. Bæjarráð bókaði eftirfarandi: „*Bæjarráð óskar eftir frekari upplýsingum og málinu frestað.*“

Kostnaður við þessa breytingu er aðallega á leikskólanum Sólborg þar sem bætist við 0,8-0,9 stöðugildi. Kostnaður við hvert stöðugildi fer eftir menntun starfsmanns en gera má ráð fyrir að á ársgrundvelli sé um að ræða kr. 5-7 milljónir. Kostnaður á þessu ári eða í 4,5 mánuð gæti því orðið kr. 1,9-2,6 milljónir. Staða launaáætlunar Sólborgar var þann 31. maí 2018 1,5 milljón yfir áætlun. Það á eftir að leiðrétta launaáætlunin vegna langtímaveikinda fimm starfsmanna og því ljóst að sú breyting sem fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn rúmast innlaunaáætlunar Sólborgar 2018.

Mörg sveitarfélög hafa verið að skoða hvernig bæta megin starfsaðstæður leikskóla bæði fyrir börn og starfsmenn. Starfsmenn skólasviðs skoðuðu hver staðan væri í þessum málum hjá öðrum sveitafélögum og eru nokkur sveitafélög komin af stað í þessari vinnu.

Hafnarfjarðarbær hefur valið að stíga það skref strax að fækka fjögurra og fimm ára börnum á hvern kennara og er hér vísað í ný útkomna skýrslu frá Hafnarfjarðarbæ <https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/frettir/baettar-starfsadstaedur-sem-draga-ur-alagi-a-leikskolum-hafnarfjardar>

Reykjavíkurborg hefur einnig samþykkt sambærilegar breytingu í þremur skrefum. Í rannsókn sem framkvæmd var í Reykjavík á vegum starfshóps um bættar vinnuaðstæður í leikskólum 2018, kom mjög skýrt fram að leikskólakennarar telja að fækka þurfi börnum á hvern kennara. Að þeirra mati er álag stærsti vandinn sem starfsemi leikskólanna stendur frammi fyrir, meðal annars vegna of margra barna á hvern kennara.

Með að því að fækka börnum á hvern kennara þá skapast svigrúm til einstaklingsmiðaðrar nálgunar sem oft er meiri þörf á, þegar börnin eldast og ýmis frávik koma í ljós í þroska eða hegðun sem krefjast inngríps. Með fækkun barna á hvern kennara gefst tækifæri á að vinna með litla hópa og mæta þörfum fjölbreytts barnahóps þar sem meðal annars börnum með annað móðurmál en íslensku fjölga stöðugt.

Leiða má einnig líkum að því að aðgerðir sem miða að því að vinna með börn í smærri hópum hafi jákvæð áhrif á framfarir barna og sérkennsluþörf með snemmtækri íhlutun. 1-2 ára börn njóta fyrst og fremst umönnunar í leikskólum þó vissulega fari þar fram nám. Eftir því sem börnin eldast verður betur ljóst hvar þarf að bæta í og við 4-5 ára aldur er hægt að vinna mjög markvisst með þá þætti sem þurfa aukna/meiri þjálfun.

MH